

# Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr. 2, skólaárið 2020/2021

**Staður:** Rafrænn fundur í gegnum forritið Zoom.

**Dagsetning:** 17. nóvember 2020

**Tími:** 20:30

**Fundarritari:** Madda

**Mættir:** Halldóra, Ester, Kristín, Auður, Madda og Bryndís

**Dagskrá:** Ákveða jólagjöf og morgunkaffi starfsmanna

---

Hugmynd var að kaupa vasaljós en ekki hefur tekist að finna ljós sem hentar í gæðum og verði. Vasaljós frá Litla gleðigjafanum kosta 1.200kr stk og myndi sú gjöf tæma sjóðinn og þótti of dýrt. Kristín stakk upp á vefsíðunni Smáprent.is að þar gætum við mögulega fundið skemmtilega gjöf í kringum 500kr. Hugmyndir voru um lukkupakka, litabók og liti, jólagorm og skopparabolta. Kristín ætlar að taka að sér að heyra í Smáprent.is og skoða hvað þau eiga í boði í þessu magni og verðhugmynd.

Fyrir morgunkaffi starfsmanna var búið að ákveðið að panta hjá Pure Deli Avacado toast 34 skammta sem allir fá í sér boxi. Auður sá um að panta það. Á fundium var ákveðið að panta sætt hjá Myllunni og ætlar Auður að sjá um að panta það. Auður mun svo sækja hjá Pure Deli og Myllunni og fara með á leikskólan á starfsdeginum 19. nóvember. Heildarupphæð er í kringum 57.000 kr

Ákveðið var að bíða með fleiri ákvarðanir eins og t.d. að bóka Skoppu og Skrítlu

Fundi slitið 21:10